

Skógarvörðurinn á Vöglum.

\*\*\*\*\*

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R Á R I D 1 9 7 9 .

\*\*\*\*\*

Isleifur Sumarliðason.

\*\*\*\*\*

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1979.

1. V E Ð U R F A R A R S I N S.

1. 1 Tföarfarsyfirlit.

I janúar var nokkuð breytileg átt, en suðlæg átt þó tföust að tiltölu. Úrkoma var neðan við meðallag, svo og hitastig, sem var langt neðan við meðallag. Övenjusnjólfitið.

Meðalsnjóldýpt var 24 cm., hámark hita mældist 6.2 17. jan., lágmark -23.4 stig 13. s. m.

I febrúar var breytileg átt, en suðlæg eða suðaustlæg átt tföust að tiltölu. Övenju snjólfitið, og úrkomulitið.

Meðalsnjóldýpt var 27 cm., hámrk hita mældist 8.7 stig 24. febrúar, lágmark -20.4 stig 7. s. m.

I marz var mjög breytileg átt, norðlæg átt þó einna tföust. Þetta var kaldasti marz á öldinni. Snjólfitið einkum fyrri hl. mánaðarins. Meðalsnjóldýpt var 29 cm.

Hámrk hita mældist 8.5 stig 18. marz, lágmark -21.0 stig 24. s. m.

Athugun á frosti í gróðrarstöð, reyndist 35 cm. og í skógi 20 cm. 1. marz.

I apríl var norðlæg og norðvestlæg átt tföust að til-tölu.

Mm það bil 200 m. breitt snjófléð felli í Grefilsgil norðan við Skarð í Grýtubakkahreppi 12. apríl. Tók flóðið með sér brúna yfir gilið og bar með sér yfir Fnjóská. Munaði sannarlega mjóu að ekki yrði slys, því umferð var talsverð þennan dag.

Meðalsnjóldýpt var 42 cm., hámark hita mældist 9.9 stig 17. apríl, lágmark -16.2 stig 1. s. m.

I maí var ríkjandi norðlæg og norðvestlæg átt. Var mjög kalt, hiti um 5 stigum neðan við meðallag.

Gróður var því mjög smammt á veg kominn í lok mánaðarins.

Meðalsnjóldýpt var 24 cm. Hámrk hita mældist 12.1 stig 31. maí, lágmark -13.0 stig 6. s. m. Frost mældist alla daga mánaðarins á lágmarksáli v/ jörð, að einum undan-teknum.

I júní var breytileg átt, frekar kalt og gróður liftið í lok mánaðarins. Frost var ekki farið úr jörðu í lok mánaðarins, óthagi ekki algrænn. Skógrunn var grænn yfir að líta um miðjan mánuðinn og allaufgaður í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 18.6 stig 27. júní, lágmark -0.9 stig 15. og 26. s. m. Frost mældist átta sinnum á lágmarksmæli við jörð.

I júlf var breytileg átt, en norðlag átt þó einna mest ríkjandi. Kalt. Sláttur var nokkuð víða hafinn hér í sveit 25. júlí.

Hámark hita mældist 18.5 stig 26. júlf, lágmark -1.1 stig 24. s. m. Frost mældist fíðrum sinnum á lágmarksmæli við jörð.

I ágúst var breytileg átt, kalt og úrkamusamt.

Hámark hita mældist 17.3 stig 13. ágúst, lágmark -1.9 stig 30. s. m. Frost mældist sjö sinnum á lágmarksmæli við jörð.

I lok mánaðarins var skógrunn farinn að gulna.

I september var norðæg átt einna mest ríkjandi. Var mjög kalt og úrkamusamt. Flesta daga var úrkoma og þó oftast slydda eða nsjókoma.

Mikið lauffall var á hirki 23. september og skógrunninn að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

Mesta snjóðýpt mældist 10 cm. 16. og 20. september.

Hámark hita mældist 9.6 stig 30. s. m. og lágmark -7.5 stig 21. s. m. Frost mældist 19 sinnum á lágmarksmæli við jörð, mest -10.0 stig 21. sept.

Hett er við talsverðum skeamendum á trjágröðri eftir þessa miklu kuldatíð.

I október var nokkuð breytileg átt, en austlæg átt var þó einna tföust. Hiti ofan við meðallag, en nokkuð úrkamusamt.

Hámark hita mældist 13.2 stig 1. og 22. október, lágmark -16.3 stig 21. s. m.

Snjóðýpt mældist sex sinnum, mest 9 cm., 31. okt.

I nóvember var einkum ríkjandi norðlag eða norð-austlæg átt. Hiti neðan við meðallag og mjög úrkamusamt. Meðalsnjóðýpt var 24 cm.

Hámark hita mældist 7.2 stig 20. nóvember, lágmark -15.4 stig 9. s. m.

I desember var suðlæg átt, en einkum þó suð-austlæg átt nokkuð tfö. Umhleypingasamt. Tjón varð ekki teljandi hér f sveit f hvassviðrinu 20. des.

Meðalsnjóðdýpt var 21 cm. Hámrk hita mældist lo.º stig 20. desember, lágmark -16.2 stig 7. s. m.

1.2 Tafla yfir hita og örkomumælingar á Vöglum 1979.

Vik frá meðall.	Meðalhiti Cº	Örkoma mm.
Janúar	-4.4	-7.4 ( -4.9 ) 57.0 ( 105.4 )
Febrúar	-0.9	-4.0 ( -5.8 ) 16.2 ( 56.8 )
Marz	-9.0	-7.1 ( -1.7 ) 58.2 ( 90.0 )
April	-1.0	-0.9 ( 1.4 ) 78.2 ( 10.6 )
Máí	-6.4	-1.3 ( 5.9 ) 70.4 ( 32.2 )
Júní	-0.2	8.5 ( 8.4 ) 48.9 ( 25.3 )
Júlí	-1.7	8.4 ( 10.3 ) 20.3 ( 63.9 )
Agúst	-1.4	7.9 ( 11.3 ) 26.4 ( 14.4 )
September	-4.3	2.1 ( 5.0 ) 114.7 ( 43.8 )
Október	3.8	5.8 ( 2.6 ) 42.9 ( 71.7 )
Nóvember	-1.9	-2.3 ( -2.5 ) 111.8 ( 88.3 )
Desember	-8.8	-3.1 ( -1.4 ) 44.9 ( 30.7 )
Arið	0.6 (( 2.4 )	688.8 ( 633.1 )

1.3 Meðalhiti júní - september var 6.7 stág.

Iþyrjun september var veðutathuganastöðin flutt frá Vöglum II að Lerkihlið.

## 2. VÖXTUR OG PRIFTRJAGRUDURS.

### 2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Bann 4. júní var brum á Þérki talsvert farið að þrútna.

Birkiskógrinn var gránn yfir að lifta um miðjan júní og allaufgaður f lok mánaðarins.

I lok ágúst var skógrinn farinn að gulna. Mikið lauffall varð 23. september og lauglaus var skógrinn lo. október.

### 2.2 Vöxtur.

Vöxtur var nokkuð gðður á greni og furu, en mjög lélegur á öðrum trjátegundum.

### 2.3 Fræfall.

Birkifræ var mjög liftið f Vaðglasþógi, en dálitið af fræxi á Vögnum á Þelamörk og f Kristnesi. Tími vannst þó ekki til fræsöfnunar þar. En á Væðivöllum í Fnjóskadal var safnað um 3.0 kg. af birkifræi af völdum týjám, kvæmi Bæjarstaður.

Talsvert var af könglum á lerki sérstaklega f Eyjafirði, t. d. Kristnesi. Var liftilsháttar safnað, en vegna lélegs þroska, varð ekki af umfangsmeiri söfnun.

### 2.4 Skaðar á trjám.

Frostin í seðtember og þá ekki sfður kuldinn s. l. sumar gefa fyllilega ástæðu til þess að ætla að alvarlegar frostskemmdir muni koma f ljós með vorinu. Enda voru frostskemmdir sjáanlegar strax f haust sérstaklega á rauðgreni, fjallaþin og jafnvæl á stafafuru sem var með langa toppsprota.

Vafalaust koma einnig fram skemmdir í grððarstöðinni og þá sérstaklega á t. d. alaskaösp og ýmsum tegundum runna. Birkimaðks varð liftið vart.

### 3. S T A R F S F Ó L K.

Þær breytingar urðu á starfsfólk að Sigurpálli Jónsson og kona hans fluttu burt frá Vöglum í lok apríl, en Brynleifur Siglaugsson og kona hans Anna Stefánsdóttir komu í þeirra stað.

Kristján Einarsson og fjölskylda hans fluttu frá Þórðarstöðum eftir 13 ára veru þar.

Bessu fólk eru þökkuð ánægjuleg samkipti og þá alveg sérstaklega Kristjáni Einarssyni og hans fjölskyldu og er að þeim mikil eftirsjón. I þórðarstaði fluttist Sigursveinn Tómasson og kona hans.

I árslok 1978 létt Sigurgeir Isaksson af störfum sem fastræðinn starfsmáður. Hann hefur þó eftir sem 6ður sinnt ýmsum störfum, t. d. séð um töku jólatrjáa.

Ráðskonur til Skiftisk í grðrarstöðinni voru þær Guðrún Jónsdóttir og Svafa Hermannsdóttir.

Mér telst svo til að starfsfólk hafi verið flest í júlí'22, að langmæstu fólk úr sveitinni.

Launagreiðslur voru kr. 34.430.278.-, þegar frá eru dregin laun skógarvarðar.

### 4. G I R D I N G A R.

#### 4.1 Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð kr. 757.819.- og umsjón og smölun kr. 302.912.00.

I Vaglagirðingu var bætt 25 staurum 5 f. 6fðav. og 35 staurum 6 f. fðav.

I Sigrifðarstaðagirðingu var bætt 25 staurum 6 f. fðav. og 10 járnstaurum.

I Sandhaugagirðingu var bætt 63 staurum 6 f. fðav.

I Þórðarstaðagirðingu var bætt 56 járnstaurum og 90 staurum fðavörðum. Girðingin er víða að verða mjög illa farin og því nauðsyn að endurnýja hana í áföngum.

I Asbyrgi voru send þrjú vírnet.

I Vaglagirðingu á Belamörk var bætt 35 birkistaurum, 6 f. fðav. Ath. allt birkistaurar, nema annars sé getið.

#### 4.2 Nýjar girðingar.

Girt var að hluta ný girðing um Melar-og Þórhöfðaskóg, en auk þess tekið talsvert af skóglausu landi Skuggabjarga, ðt fyrir gamla bærjarstaðið.

Lengd hinna nýju girðingar er um 4.000 m. Suðurgafl gömlu girðingarinnar, sem er 1.280 m. var notaður áfram og stauraður upp. Netið er að vísu ryðgað, en heillagt og nothæft enn um sinn.

Eftir er að girða upp um 1.000 metra af girðingunni að neðan og norður með ánni. Auk þess er eftir að taka upp gömlu girðinguna.

Nýja girðingin er vírnet og þrír strengir gaddavír, nema á 300 m. kafla, þar sem girt var med gaddavír, töldum að vírinn reyndist betur þar sem von var á mestum snjóþunga.

Verkinu stjórnaði Jóhannes Gíslason og kann ég honum þakki fyrir hve vel hann leysti það verk af hendi.

Af efni til girðingarinnar var notað:

37 fl vírnat,  
56 rl gaddavír,  
690 st. birkistaurar, 6 f. fúav.  
480 - " 5 f. "  
223 - járnstaurar,  
36 - horn-og strekkingastaurar.  
4 rl sigavír  
1 - bindivír  
13 pk lykkjyr  
1 st hliðgrind, samt staurum.

Vinnulaun voru kr. 2.592.880.-, auk þess vélavinna.

Birgðir af girðingarefni í árslok:

15 rl vírnet,  
47 - gaddavír  
200 st rekaviðarstaurar.

## 5. SKÓGARHÖGG.

### 5.1 Viður.

Skógarhögg fór fyrst og fremst fram í Vaglaskógi í september og fram í október. Var farið viða um skógin, aðallega þó meðfram þjóðveginum og með efri-vegi og höggvin fyrst og fremst tré sem voru farin að horna í toppinn og því ekki eftir neinu að biða með að fjarlægja þau. Það er talsvert af slíkum gömlum trjám með lélega krónu, sem þarf að fella, en þau hafa sýnilega ekki þol-að maðkinn sem herjaði á þau.

### Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1979.

	Staurar 5 fet	Staurar 6 fet	Efniv. tonn	Eldiv. tonn	Ymisl. tonn	Samtals krónur.
Sala 1979	120	144	10.00	93.585	1.00	5.178.210
S. r. Vöglum	505	938	4.00	4.00		1.504.800
Birgðir Vöglum	420	1500	6.00	6.00		1.836.500
	1045	2582	16.00	103.58	1.00	8.519.810
Birgðir 1978	600	1000	6.00	15.00		1.220.000
Högg 1979	445	1582	10.00	88.58	1.00	7.299.510
Tonn	2.23	12.66	88.00	88.58	1.00	114.47

Tekjur af skógarhöggi skiftast þannig: (söluskr.innif.)

Staurar..... kr. 245.250  
Efniv..... - 1404.999.  
Reykviður..... - 1999.593  
Arinnviður..... - 974.978  
Plattar..... - 445.050  
Ymislegt..... - 107.540

Samtals kr. 5.178.210

Vinnulaun v/ skógarhöggs voru kr. 6.455.883.-

I sambandi við skógarhögg fór ervert að geta þess að unnið var að skógarhögg fí Krestnesi og fékkst þar talsvert af lerki, sem ætlunin er að fletta, en auk þess lóo lerkistaurar og 300 birkistaurar.

Eins og á sl. ári keypti Armann Þorgrímsson á Akureyri lang mest af smíðaviðnum. Á sl. ári voru sagaðir tæplega 10.000 pilar 4.5 x 4.5 x 35.p cm. og 1035 stk. 8.5 x 8.5 x 60 cm. svo til allt birki og fór þetta að mestu til Armanns eins og áður greinir.

Af nýjungum má geta þess að sagaðar voru lerki sneiðar, 12 mm þykkar, 19 m<sup>2</sup>, er síðan voru lagðar á dansgölf í smiðju veitingastofunnar Bautinn á Akureyri. Tókst það nokkuð vel, þegar haft er í hug að um frumraun er gera og vakti þetta töluverða athygli.

## 5.2 Jóðabéð.

Alls voru feld 900 jóðatré, á timabilinu 31. október til 25. nóvember. Þau voru tekin á eftirfarandi stöðum:

Vaglaskáður	120	tré
Sellsskáður	455	"
Sigríðarstaðask.	110	"
Sandhaugar	45	"
Börðarstaðask.	120	"
Kristnes	18	"
Vaglir, Þelam.	3	"
Asbyrgi	<u>29</u>	"
<b>Samtals</b>	<b>900</b>	<b>tré</b>

Af þessum trjám voru seld 853 tré, 15 tré eyðilögðust í flutningi, 16 tré seldust ekki, enda sum gölluð, og 16 tré fóru til starfsmanna, viðskiptavina o. fl.

Tréni skiptast þannig eftir stærðum:

85	tré	70-	100	cm.
233	"	101-	125	-
238	"	126-	1150	-
153	"	151-	175	-
103	"	176-	200	-
18	"	201-	250	-
10	"	251-	300	-
5	"	300-	400	-
2	"	401-	500	-
5	"	501-	600	-
1	"	601-	700	-

853 tré

Tekjur skiptast þannig:

Jólatré	8.517.400,	853 stk.
Normgr. & könglar	2.602.400	863 kg, aðkeypt.
Furugreinar	241.300	260 -
Rauðgr.greinar	<u>99.000</u>	<u>99 -</u>
	11.460.100	
- aðkeypt	<u>1.995.600</u>	

Mismunur, kr. 9.464.500 ( m/ sölusk.)

Nú var í fyrsta sinn nóg af íslenskum jólatrjám á markaðnum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.

Farnar voru söluferðir í Mývatnssveit, til Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Samkvæmt tilmælum skógræktaðarstjóra voru ekki seld tré á Akureyri, en Skógræktaðarfélag Eyfiröinga sat með þeirri sölu.

I Fosselfsskógi voru höggvin 243 tré fyrir Skógræktaðarfélag S.-Þingeyinga og Yztafellsmenn hjuggu um 250 tré og fóru þessi tré að mestu í sölu hjá Skógræktaðarfélagi Eyfiröinga.

Pess skal getið að af þeim trjám sem höggvin voru fyrir Skógrækt rökisins voru 800 rauðgreni, 50 fjallapínur og 50 stafafura.

Pess skal að lokum getið að barrhaldni trjánna var áreiðanlega lakari nú en áður, eftir óvenju kalt sumar og haust.

6. G R Ó D R A R S T Ö D.

6.1 Fræplöntur.

Sáning hófst óvenju seint, 6. júní og lauk 8. s. m.

Sáð var 3.025 kg. af fræi í 360.0 m<sup>2</sup>.

Vísast til töflu um sáningar og plöntubirgðir haustið 1979.

Sáningin tókst sámlæga þrátt fyrir það hve seint var sáð. Var mest af lrkinu vafið í haust að venju. Með skyggingu tókst að mestu að koma í veg fyrir frostskemmdir.

## 6.2 Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 14. júní og lauk um viku af júlf. Dreifsettar voru um 98 þúsund plöntur og auk þess vafðar í móband í október 50 þúsund lerki, Modo C-018, og 2 þúsund birki 2/o Troms. Að öðru leiti vísast til skýrslu um plöntubirgðir haustið 1979.

Dreifsetningin tókst yfirkeitt vel, þrátt fyrir óhagstætt veðurfar, en vöxtur var auðvitað lítill.

## 6.3 Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 6.318.748.- (netto), rúmlega 65% aukning í krónutölu f. f. ári, alls seldar 14.179 plöntur

Farnar voru söluferðir til Húsavíkur, Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Blönduós. Mjög var það til bæga hve lengi Vaðlaheiði var lokað vegna ófærðar og kom því miklu færra af Akureyringum og Eyfirðingum, austur en ella hefði verið.

Pottaðar voru um 4.000 plöntur, stungið 46.000 vorgræðingum og 8.000 sumargræðingum.

I áætlun um sölu á garðplöntum 1980, er gert ráð fyrir um 44.000 þöntum til sölu. Hætt er þó við að sú tala kunni mjög að breytast, vegna frostskemmda s. 1. haust. Að öðri leiti vísast til skýrslu um plöntubirgðir frá haustini 1979.

## 6.4 Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 106 þúsund plöntur, um 16 þúsund plöntum færra en áætlað. Munar þar mest um stafafuru, 6 þúsund færri en áætlað, af bergfuru 5 þúsund plöntum færra og af lerki 7 þúsund færra en áætlað.

I haust voru teknar upp rúmlega 51 þúsund plöntur, þar af voru 41 þúsund sendar að Tumastöðum í geymslu, en 10 þúsund fóru í Þorvarfjörð til Hauks Ragnarssonar.

Er þetta mest allt birkið sem verður til sölu næsta vor, en minnig talsvert af blágreni og bergfuru.

#### 6.5 Illqresiseyðing.

Þrjár stólkur unnu aðallega við hreinsunina eins og áður. Af veðurfarsástæðum þurfti mun minna að hreinsa en 40 áður og var kostnaður nú aðeins 3.5% af heildarkotnaði, miðað við 22% á s. 1. ári, ef tæysta má sundurliðun.

Sömu lyf voru notuð og áður, þ.e. Grammoxone og Simazin. Því miður er hið fyrrnefnda að verða ófánlegt, svo nauðsynlegt væri að fláma annað í staðinn.

#### 6.6 Nýframkvæmdir.

Engin nývirki voru gerð í stöðinni. Þörfir fyrir plöntugeymslu verður enn meiri ef auka á grðursetningu, svo að maður tali nú ekki um hagræðið. Enda er það svo að maður er alltaf með lífið í lókunum á vorið þegar búið er að taka upp mikið af þlöntum og koma inn í geymslu, að plöntunar verði ónýtar eða a. m. k. skemmdar þegar loks er hægt að losna við þær. Ef ekki er hægt að kippa þessu í lag held ég að menn ættu að athuga sinn gang, hvort ekki er eftt að plöntuframleiðsluna niður, þráft fyrir það að héðan komi kanskí ódýrustu plönturnar. En hvenær hefur verið nokkuð tillit tekið til þess?.

#### 6.7 Mislegt.

Bess skal getið að lerki var skyggt bæði inni í grðurhúsi og það sem úti var í rúllum og tel ég það forsendu fyrir því að hægt sé að rækta þessa tegund áfalla lífið hér.

Talsvert var látið héðan af dreifsetningaplöntum. Birkir var sent héðan að Hallormsstað og Tumastöðum og auk þess blágreni og stafafura að Laugabrekku, þangað fóru einnig græðlingar af alaskavíði og brekkuvíði

Borstein Arnþórsson sótti eiturefnanámkeið í Hveragerði í apríl.

6.8 Kostnaður.

Vinnulaun við gróðrarstöðina voru sem hér greinir:

Øsundurliðað	kr. 102.663
Verkstjórn	- 2.343.374
Ræktun skógarpl.	- 4.173.914
Hreinsun	- 417.762
Ræktun garðpl.	- 3.911.447
Jarðabætur	- 83.211
Vetrarumb.	- 199.094
Jarðefnau.	- 203.666
Afgræðsla	- 380.679
Umhverfi	- <u>208.483</u>

Samtals kr. 12.024.295

6.9 Sala.

Sala trjáplantna frá gróðrarstöðinni var sem hér greinir:

Seldar skógarpl.	2.902.018
Afhentar "	3.772.450
Seldar garðplöntur	<u>6.318.748</u>

( til S.r. og einstakl.)

Samtals kr. 12.993.216 ( án sölusku.)

7. G R ÓÐ U R S E T N I N G.

---

Gróðursetning höfst með eindænum seint, ekki fyrr en 4. júlí og lauk 18. s. m.

Kostnaður reyndist kr. 35.00 pr. plömtu.

Fyrir utan þá gæðursetningu sem fór fram á vegum Skógræktar ríkisins, sáum við um gróðursetningu á 4.000 plöntum á Illugastöðum og frá okkur var líka maður við gróðursetningu að Tjörn í Svarfaðardal í two daga.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskóðgur	Hvítgreni	2/4	Kenai-857	700
	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	2.720
	Stafafura	1/2	Skagway	<u>1.075</u> 5.295
Grund, Eyjaf.	Hvítgreni	2/4	Kenai	<u>300</u>
Öxnafell,	Birki	1/1	Jökulf	620
	Hvítgreni	2/4	Kenai	1.000
	Stafafura	1/2	Skagway	500
	Sib.lerki	1/2	Altai	<u>250</u> 2.370
Kristnes	Birki	2/0	Pasvik	300
	"	2/1	Hallormsst	700
	Hvítgreni	2/4	Kenai	1.500
	Stafafura	1/2	Skagway	1.825
	Sib.lerki	1/2	Altai	<u>300</u> 4.625
Vaglir, Þelamörk	Birki	2/0	Senja	700
	Bergfura	2/3	Ht. Confl.	600
	Sib.lerki	1/2	Altai	<u>1.125</u> 2.425
<u>Samtals</u>			<u>15.015</u>	

8. HIRDING PLANTNA.

Það var lftið unnið að umhirðu plantna nema í Fellsskógi. Unnið var fyrir 695.000 krónur. I'Fellsskógi var gert gott átak í því að hreinsa frá plöntum, þó mikið sé enn eftir.

Brúnustu ve kefnin eru í Þórðarstaða-og Vaglaskógi og er óhjákvæmilegt að gera átak í umhirðu á þeim stöðum næsta sumar. Til hvers er líka að halda áfram grðöursætningu meðan plöntur eru að eyðileggjast fyrir hirðmleysi.

Ekki var unnið við áburðargjöf, tímí vannst ekki til þess.

## 9. BYGGINGAR.

### 9.1 Viðhald.

Ekkert var unnið að viðhaldi, nema hvað hafin bar undirbóningur að endurbótum á Vaglahúsinu og bóið að festa kaup á eldkússinnreftingu og nokkru af þilplötum og einangrunarefni.

### 9.2 Nývirki.

Af nývirkjum er það ehlt að segja að skemman við gróðrarstöðina, þ. e. norður hluti, var einangruð og settir í þann hluta gluggar. Var sá hluti skemmunnar klæddur innan með þilplötum og einnig hluti af suðurpartinum. Mér sýnist vinnukostnaður v/ skemmunnar vera um 1.800.000.- krónur. En fleira var þar einnig gert, málus golf og lægfærð skrifstofa.

Ennþá er eftir að ganga frá viðbætinni við starfsmannabústaðinn, að utan og jafnframt að ganga frá 168.

Lögð var um 800 m. vatnslögn að Þórðarstöðum. Er vatnið tekið úr uppsprettu ofan við bæinn. Kostnaður kr. 1.135.317.-

## 10. VELAR OG VERKFAÐI.

Ef fyrst er tekin bifr. þ. 2698, þá skal getið þess helzta sem gera þurfti við: Gírkassi bilaði tvisvar, auk þess mótor og dtif.

Það var mjög bagalegt að missa bifreiðina, þegar mest þurfti á henni að halda, fyrir utan það að missa þorstein ðrá gróðrarstöðinni til viðgerða svo dögum skifti.

Það er auðvitað alveg fráleitt að endurnýja ekki bifreiða-kostinn oftari, því annars verður viðhalds- og reksturskostnaðurinn ofboðslégur eins og nú mun hafa orðið. Það er varla notandi bifreið m/ benzinvél, dieselvél mundi koma betur út.

Keypt var ný Jobu-keðjusög og sláttutæki m/ mótor.

## 11. MISLEG.

### 12.1 Ferðalög og fundahöld.

Sat aðalfund Skógrf. S.-Þing að Hafralæk, svo og tvo stjórnarfundi með félaginu og fund með stjórn þess og fulltúum frá Búnaðarsambandi sýslunnar og Kvenfélags-sambandi til þess að ráða möguleika á ráðningu starfsmanns fyrir þessi félög.

Var við grisjun að Laugabrekku í Skagafirði, tvo daga fí maí, með tvo menn með mér.

Ferðaðist um með þórarinn Benedikz um Eyjafjarðar og Bingeyjarsýslur í maí og september v/ skjólbelta og um sömu sýslur með Snorra Sigurössyni í október vegna úttektar á framkæmdum skógræktarfélöganna.

Sá um frakvæmd við gerð skjólbeltis á Mööruvöllum í Hörgárdal, eftir fyrirsögn Þórarins Benedikz.

Fór í apríl í þriggja daga ferð austur að Hallormsstað ásamt þrem starfsmönnum stofnunarinnar m. a. til að kynna ast vinnubrögðum við útdrátt á viði með vindu.

I október sat ég fræðslunánmskeið sem boðað var til í Hvergerði á vegum Garðyrkjuskóla ríkisins og fleiri aðila, um uppeldi á trjám og runnum

### 12.2 Ferðafólk.

Hjólhúsastæði voru nú aftur leyfð í Flatagerði í Vagliaskógi og var þar komið fyrir snyrtингum með rennandi vabbi, en 1978 voru hjólhýsin sunnan þórðastaða.

Gestir voru mjög fáir vegna kuldans, þar til f byrjun ágúst og þá aðallega um verzlunarmannahelgina.

Tekjur voru kr. 1.477.150.- gjöld, þ. e. vinnulaun voru kr. 1.241.703. Er þá ótalið efni, vélavinna og akstur.

Etlunin var að skipuleggja Flatagerði fyrir hjólhúsa-svæði. Matti það nokkurri mótspyrnu hjá nágranna og jarðanefnd, að taka túnið til þeirra hluta, svo að hægar verður farið í sakirnar en áætlað var. Full ástæðan er þó til þess að undirbúa þar fyrir skjólbelti næsta sumar og þarf að ætla fó til þeirra hluta

### 12.3 Annað.

Keyptur var frá Noregi fatnaður sérstakjæga vegna skógarhöggs og grisjunar, þ. e. stígvéli og buxur, stakkur, hjámmur með augna-og eyrnahlífum og vetlingar fyrir sex menn. Tel að þessi fatnaður hafi f að m. k. tveim tilfellum komið í veg fyrir slys.

Þess skal getið að ég fékk mann frá Öryggiseftirliti ríkisins til þess að koma austur og líta á vélar og tæki sem hér eru notuð, svo og húskynni með tilliti til Öryggis starfsmanna. Þom hann með tillögur um örþetur um nokkur atriði f bví sambandi.

Borsteinn Arnþórsson flutti fyrir starfsmannabústaðnum í fbúðarhús sitt um miðjan maí og heitir það Lerkihlíð og var sagt frá í síðustu skýrslu.

Þá fékk Skógrækt ríkisins til afnota og sýgnar hús starfsmanna Landsbanka Íslands, í Vaglaskógi, sem Skógar sel heitir og var ákveðið að þar yrði sumardvalarstaður starfsmanna stofnunarinnar. Var það mjög liftið notað utanþ þess að skógræktarstjóri var þar með fjölsyldu sína vikutíma.

I húsinu er gott aðstaða, húsgögn og eldhúsaðhöld og er leitt til þess að vita að húsið stóð autt tímunum saman.

A þórðarstöðum voru reist 5 hús til sumardvalar á löö sem Landsbanki Íslands hefur fengið til afnota. Eru húsin tilbúin til afnota næsta sumar.

Akureyri 11. febrúar 1980.